

Stofnanasamningur
Félagsráðgjafafélags Íslands
og
Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til félagsráðgjafa hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (Hvest), sem starfa og njóta ráðningakjara samkvæmt kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands (FÍ) og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis.
- b. að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.
- c. að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

3. Starfaflokkar og röðun

Forsendur starfalysinga byggja m.a. á skipuriti, starfslýsingu og umfangi. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa í launaflokka gerir ráð fyrir starfsleyfi í félagsráðgjöf að loknu MA-prófi. Þau sem öðluðust starfssleyfi í félagsráðgjöf eftir fjögurra ára nám, 240 ECTS einingar, raðast með sama hætti.

Grunnröðun Skýringar

- 11** **Félagsráðgjafi 1:** Félagsráðgjafi á fyrsta starfsári. Vinnur almenn félagsráðgjafarstörf, greiningu og ráðgjöf undir leiðsögn reyndari félagsráðgjafa.

- 12 Félagsráðgjafi 2:** Félagsráðgjafi sem hefur starfað að jafnaði í eitt ár hjá stofnuninni eða í faggreininni. Vinnur sjálfstætt við athuganir, mat og ráðgjöf samkvæmt skipulagi stofnunar og ber ábyrgð á gæðum starfa sinna.
- 13 Félagsráðgjafi 3:** Félagsráðgjafi sinnir sama starfi og félagsráðgjafi 2. Hefur að jafnaði þriggja ára starfsreynslu í faggreininni eða starfar einn á starfsstöð án faglegs yfirmanns, hefur verið falin umsjón með ákveðnu verkefni, ábyrgð eða stjórnun sem skal koma fram í starfslýsingu.
- 14 Félagsráðgjafi 4:** Sinnir sama starfi og félagsráðgjafi 3. Félagsráðgjafi sem hefur verið falin yfirumsjón með umfangsmiklum verkefnum og starfar þvert á stofnun. Hann hefur stefnumótandi áhrif á starf og stjórnun. Hefur færni til að þjálfa og handleiða aðra starfsmenn og nema.

Vinna félagsráðgjafa getur verið skipulögð á fleiri en einni starfsstöð. Grunnröðun í launaflokk er lágmarksröðun.

4. Persónubundnir þættir

Álagsþrep fyrir persónubundna þætti eru varanleg enda umbun fyrir kunnáttu eða reynslu viðkomandi starfsmanns. Dæmi um persónubundna þætti:

Menntun, sérstök þekking eða færni sem nýtist í starfi

4.1 Viðbótarmenntun

Meta skal formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi. Við lágmarksröðun bætast álagsþrep vegna viðbótarmenntunar á háskólastigi, sem ekki er gerð krafa um, sem hér segir að lágmarki:

Námskeið og fagráðstefnur 200 klst.	hámark 1 þrep
Diplomanám, 30 ECTS	1 þrep
Diplomanám, 60 ECTS	2 þrep
Meistarapróf	4 þrep
Doktorspróf	3 launaflokkar

4.2 Sérfræðileyfi

Hafi félagsráðgjafi aflað sér viðurkenndra áfanga til sérfræðileyfis skv. reglugerð nr. 1088/2012 skal meta það til hækkunar frá grunnröðun með eftirfarandi hætti:

- 100 kennslustundir eða 20 ECTS einingar og 20 handleiðslutímar: 1 þrep
- 200 kennslustundir eða 40 ECTS einingar og 40 handleiðslutímar: 1 þrep
- 300 kennslustundir eða 60 ECTS einingar og 60 handleiðslutímar: 1 þrep
- Félagsráðgjafi með sérfræðileyfi frá Landlækni hækkar um 2 þrep

Mest er hægt að fá 5 þrep fyrir 4.2.

Ekki skal tvítelja eða tvíméta nám eða námsstundir í lið 4.1 og 4.2

4.3 Starfsaldur

Starfsreynsla er metin á eftirfarandi hátt:

- Félagsráðgjafi með 5 ára starfsreynslu hækkar um 1 þrep
- Félagsráðgjafi með 10 ára starfsreynslu hækkar um 1 þrep
- Félagsráðgjafi með 15 ára starfsreynslu hækkar um 1 þrep
- Félagsráðgjafi með 20 ára starfsreynslu hækkar um 1 þrep

4.4 Hækkun umfram 8 þrep á láréttum ási

Félagsráðgjafi sem áunnið hefur sér hækkun vegna þátta samkvæmt greinum 4.1-4.3 ofan á grunlaunatölu launaflokks sem er umfram 8 þrep færast í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan.

5. Tímabundnir þættir/verkefni

Auk almennra starfa eru skilgreind sérverkefni sem byggja á því að starfsmaður geti fengið eitt til tvö þrep til viðbótar við grunnröðun launa fyrir umsjón með sérstaklega skilgreindum verkefnum eða ábyrgð sem fellur utan hefðbundinna starfa. Skilyrði er að starfið sé skilgreint í erindisbréfi og staðfest af yfirmanni viðkomandi sviðs. Slík störf skulu hafa upphafs og lokatíma þó ekki lengur en tólf mánuði í senn. Dæmi um sérverkefni:

- Tímabundin aukin ábyrgð.
- Innleiðing verkefna.
- Þróun og nýsköpun.

6. Réttur til handleiðslu

Félagsráðgjafar 3 og 4 sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða skulu eiga rétt á allt að átta handleiðslutímum á ári utan stofnunar og á kostnað hennar.

7. Samstarfsnefnd og ágreiningsmál

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Samstarfsnefnd skal komið á fót við undirritun þessa samnings sem hefur það verkefni að leita lausna ágreiningsmála sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd stofnansamnings þessa. Samstarfsnefndin skal skipuð samkvæmt gr. 11.4 í kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

8. Grundvöllur og gildistími

Samningur þessi er gerður á grundvelli kjarasamnings Félagsráðgjafafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, sbr. gr. 11.1, 11.2 og 11.3 í þeim samningi. Samningur þessi gildir frá 1.1.2021.

Ísafjörður, 7. október 2021

F.h.
Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

F.h.
Félagsráðgjafafélags Íslands

Undirritunarsíða

Gylfi Ólafsson

Hanna Þóra Hauksdóttir

Hrannar Örn Hrannarsson

Steinunn Jóhanna Bergmann